

Foreldraráð Núps 2012-2013

Fundur 4, haldin á Núpi þann 4.apríl 2013.

Mættar: Ásdís Ýr Ólafsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Rebekka Gylfadóttir og Svana Kristinsdóttir.

- 1) Vinna við ráðningu nýs matráðs við leikskólann er í vinnslu og ráðning á lokastigi og tilkynnt síðar.
- 2) Mannaráðningar eru almennt í farvegi þó að nokkrar breytingar hafi átt sér stað nú í vetur, skipulag sumarsins liggur fyrir og verið er að vinna að starfsmannamálum og mannráðningum fyrir nk. vetur sem virðist líta vel út.
- 3) Þar sem verið að vinna að nýrri námskrá leikskólans þá hefur Bæjarráð ákveðið að gefa áfram auka starfsdag á leikskólum í Kópavogi vegna þessa og eru starfsdagar þá alls sex talsins nk. tvo vetur.
- 4) Kópavogsbær hefur nýverið tekið út öryggismál á skólalóðinni og eru þau að svo stöddu í lagi.
- 5) Fyrirspurn barst til leikskólastjóra um stefnu í mataræði. Leikskólastjóri og aðrir fundarmenn ræða málið og farið yfir helstu áherslur í hollustu sem þegar hafa verið gerðar undanfarin ár sbr. reynt að draga sem mest úr neyslu sykurs sem og að bera ekki á borð mikið unnar matvörur s.s. kjötmeti. Einnig rætt um morgunverð í leikskólum en Núpur hefur þess í stað ávaxtastund að morgni þ.e. kl. 9:00 á yngri deildum og kl. 10:00 á eldri deildum og hefur það reynst mjög vel. Ráðið telur mikilvægt að leikskólinn bjóði upp á og ýti undir hollt og heilbrigt mataræði.

Hlín Bjarnadóttir ritar fundinn.